



M

Í

R

ÁRSSKÝRSLA 2024-2025

MYNDLISTASKÓLINN

Í

REYKJAVÍK

EFNISYFIRLIT

ÁVARP SKÓLAMEISTARA	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR	7
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI.	7
ERASMUS	8
BARNADEILD.	10
NÁMSKEIÐ	14
EINS ÁRS NÁM Í MYNDLIST.	16
NÁM Í DAGSKÓLA	18
KERAMIKBRAUT	18
LISTMÁLARABRAUT	20
TEIKNIBRAUT	22
TEXTÍLBRAUT	24
LISTNÁMSBRAUT.	27
FORNÁM	30
BRAUTSKRÁNING.	33
FÉLAGATAL	34
TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR	36
STARFSFÓLK OG SKIPURIT	38
MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR.	39

Myndlistaskólinn í Reykjavík

www.mir.is

Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius

Forsíðumynd: Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir

Aðrar myndir: Ýmsir

Prentun: Litróf

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Útgefið í október 2025

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Tíminn sem þessi skýrsla fjallar um var aldeilis óvenjulegur svo ekki sé meira sagt. Í byrjun júlí opnaðist skyndilega möguleikinn á að fara í húsakaupin sem svo lengi höfðu verið markmið stjórnar og þótt óheppilegt væri hversu stuttur tími gafst til að undirbúa flutninginn var ekki inni í myndinni að hika því góð og hentug hús eru ekki á hverju strái. Flutningar og framkvæmdir með tilheyrandi ónæði, ryki og hávaða voru þar af leiðandi undir, yfir og allt um kring í starfi skólans allt skólaárið svo að virkilega reyndi á þanþol tauga. Þegar ég rifja þennan tíma upp á ég erfitt með að ná utan um hvernig við höfðum það af en trúlega er fyrir að þakka aðlögunarhæfni mannsins sem dýrategundar. Þetta voru allavega ekki alltaf bestu aðstæður í heimi.

Ástæða þess að ráðist var í flutninga var sú að JL húsið var fyrir löngu komið í niðurníðslu og ekki auðvelt að snúa þeirri þróun við. Stóra vandamálið var innra skipulag hússins sem erfitt var að laga nema húsið væri allt á einni hendi, sem það ekki var. Ekki var hagkvæmur kostur fyrir skólann að kaupa hinar þrjár hæðirnar og gera þær allar upp. Það hefði kostað mun meira en nýja húsið og staðsetningin er ekki heldur frábær. JL húsið sjálft er svo síður en svo besti ramminn utan um skólastarf þar sem það er bæði grunnt og boga-dregið og margar kennslustofur því mjög erfiðar í laginu.

Nýja húsið rúmar skólann mun betur, jafnvel þótt formlega sé það 14 m² minna en það gamla en húsið er eins og sniðið utan um skólann. Kennslustofur eru almennt frábærar sem ekki var hægt að segja um þær gömlu allar. Eitt af markmiðunum með flutningum var að bæta verkstæðisaðstöðu skólans. Á Rauðarárstígnum er komið upp mjög gott myrkraherbergi, sérstakt herbergi hýsir grafíkpressuna sem Valgerður Bergsdóttir gaf skólanum og minni pressur sem til eru. Í JL húsinu var erfitt að bjóða námskeið í textíl og keramíki þar sem verkstæðisaðstaða var inni í kennslurýmum tveggja ára brautanna. Á Rauðarárstíg eru tvö góð keramikverkstæði, annað fyrir námskeiðaskólann og hitt fyrir brautina. Sömuleiðis eru verkstæði fyrir gifs, glerungablöndun, vefnað og þrykk og litun í sérstökum stofum sem gerir skólanum mun betur kleift að bjóða almenningi á námskeið í þessum greinum. Á efstu hæð er síðan stór og glæsilegur salur þar sem bókasafnið er nú uppsett á vögnum sem hægt er að keyra burt þegar svo ber undir og t.d. hægt að setja skólann og slíta á heimavelli. Síðast en ekki síst er aðstaða fyrir starfsfólk allt önnur. Skemmtileg er svo sú staðreynd að Myndlista- og handíðaskóli Íslands mun hafa verið til húsa á 2. hæð hússins um miðja síðustu öld. Okkar ágæti skóli var sömuleiðis til húsa á sömu hæð í þessu sama húsi frá 1977 til 79 þegar ríkið keypti það undir sína starfsemi og skólinn varð að flytja. Á þeim tíma var skólinn í leiguhúsnæði og ófyrirsjáanlegir flutningar tíðari en gott þótti. Í samantekt sem gerð var um sögu skólans kemur fram að mikið var lagt í að laga húsið að þörfum skólans og það hefur því verið mikið högg þegar honum var sagt upp svo fljótt. En 45 árum síðar er hann aftur kominn á Rauðarárstíg 10 og nú á þremur hæðum í stað einnar. Staðsetningin á bara eftir að batna með tilkomu væntanlegrar borgarlínu og nýmálað að hætti skólans tekur húsið Hlemmtorg algjörlega með trompi.

Ég óska Myndlistaskólanum í Reykjavík innilega til hamingju með Rauðarárstíg 10 og vona að skólinn geti starfað þar í áratugi, ef ekki heila öld!

Áslaug Thorlacius

SKÝRSLA STJÓRNAR 2024-2025

STÖRF STJÓRNAR

Stjórnarfundir voru alls 7 á árinu. Við upphaf skólaársins var stjórn svo skipuð: Bjarni Hinriksson, formaður, Erlendur Hjaltason og Logi Bjarnason aðalmenn og Bergþóra Guðnadóttir og Edda Kristín Sigurjónsdóttir varamenn. Á aðalfundi í október var kosin ný stjórn sem starfar í 3 ár en það er gert skv. túlkun lögmanns skólans á skipulags-skrá skólans. Ný stjórn er svo skipuð: Erlendur Hjaltason formaður, Logi Bjarnason og Edda Kristín Sigurjónsdóttir aðalmenn og Bergþóra Guðnadóttir og Jóhann Torfason varamenn. Stjórn setur sér starfsáætlun sem er fylgt en miðað er við að fundir séu haldnir í síðustu viku annars hvers mánaðar.

Auk stjórnarfunda sat Erlendur stjórnarformaður fjölmarga fundi vegna húsakaupa en hann hefur verið fulltrúi stjórnar í húsnæðishópi, ásamt skólastjóra, rekstrarstjóra og lögmanni sem sömuleiðis sat fjölmarga fundi á vegum skólans þar sem mjög mörg og flókin spursmál komu upp í sölu- og kaupferlinu öllu.

Erlendur sat jafnframt í laganefnd ásamt Eddu Kristínu en nefndin var stofnuð í framhaldi af síðasta aðalfundi. Verkefnið var að skoða lög félagsins og skipulagsskrá skólans, sem saman mynda rammann um starf skólans, og koma hugsanlega með tillögur að breytingum til að skerpa á hlutverkum, minnka flækjustig og auka skilvirkni.

Kaup, sala og framkvæmdir í nýju húsnæði var það mál sem mestan tíma tók hjá stjórn á árinu. Einnig var rætt um starfsmannamál og formlegt umhverfi skólastarfsins eins og áður er komið fram.

STARFSMANNAMÁL

Skólastjórn var í höndum Áslaugar Thorlacius og rekstrarstjórn Steingerðar Hreinsdóttur. Skrifstofustjórn annaðist Halla Kjartansdóttir og Sólbjört Vera Ómarsdóttir vann einnig á skrifstofunni. Í október hætti Guðrún Jóhanna Benónýsdóttir sem deildarstjóri leik- og grunnskólasamstarfs en hélt áfram kennslu út skólaárið en Sólbjört tók að sér daglega umsjón með því verkefni. Yean Fee Quay sá um áfangastjórn og skjalastjórn og annaðist vefsíðuna. Sigurjón Gunnarsson sá um tækni- og öryggismál, Deborah Leah Bergsson um bókhald. Anna Sigurðardóttir annaðist námsráðgjöf. Þórunn María Jónsdóttir var yfirkennari sjónlistadeildar og sá um listnámsbraut og fornám fyrir nemendur með stúdentspróf, Katrín Valgerður Karlsdóttir var yfirkennari keramikbrautar, Jón BK Ransu yfirkennari listmálarabrautar, Halldór Baldursson yfirkennari teiknibrautar og Margrét Katrín Guttormsdóttir yfirkennari textílbrautar en hún hóf störf við upphaf skólaársins. Berglind Erna Tryggvadóttir var yfirkennari myndlistarnáms fyrir nemendur með þroskahömlun. Það starf var lagt niður við lok skólaársins en bæði hefur framlagið frá ríkinu lækkað þannig að svo lítill nemenda-

hópur ber mjög litla umsjón. Þá vó jafnvel enn þyngra að loks hafa skapast aðstæður til að sameina þennan nemendahóp sjónlistadeild en það hefur lengi staðið til. Aðstæður í JL húsi studdu það ekki en 4. hæðin í nýja húsinu hýsir listnámsbraut, fornám og litla hópinn sem héðan í frá verður kallað fornám fyrir nemendur af starfsbraut. Umsjón með námskeiðum fyrir fullorðna nemendur var í höndum Ólafar Bóadóttur en Þuríður Ósk Smáradóttir sá um námskeið fyrir börn. Silfrún Una Guðlaugsdóttir sá um Erasmusverkefni skólans, Viktor Breki Óskarsson hafði umsjón með keramikverkstæði á 2. hæðinni sem þjónustar námskeiðaskólann og hjónin Júrí og Marína Buhai sáu um þrif. Þar með eru fastir starfsmenn við skólann upp taldir. Bókasafnið var lokað ofan í kössum allt árið svo ekki þurfti að ráða afleysingu fyrir Sigggu Björgu Sigurðardóttur sem hefur séð um safnið undanfarin ár en var á listamannalaunum.

HÚSNÆÐI

Þegar rúm vika var liðin af júlí 2024 tókst loks að selja fasteign skólans við Hringbraut. Í framhaldi var gengið til kaupa á nýju húsi við Rauðarárstíg sem stjórn skólans hafði haft augastað á. Tímasetningin var óheppileg að því leyti að erfitt var að finna mannskap í framkvæmdavinnuna því þrátt fyrir að lengi hafi verið stefnt að flutningum bar þetta brátt að. Stutt var í skólabyrjun og skólinn hafði ekki efni á að eiga hús og borga leigu annarsstaðar og þótt strax væri hafist handa við að pakka í JL húsinu og áhersla lögð á að ljúka niðurrifi í nýja húsinu sem fyrst voru framkvæmdir auðvitað enn á byrjunarstigi fimm vikum síðar. JL húsið var tæmt í áföngum. Skólahald hófst þar en í byrjun september var húsið austan við stigaganginn tæmt og sjónlistadeildin flutti yfir í nýja húsið. Næst var þriðja hæðin í vesturhúsinu tæmd og að lokum flutti keramikið og skrifstofan um mánaðamótin september/október. Þótt allt kapp væri lagt á að klára öryggismálin fór það svo að skólanum var gert að loka í rúma viku á haustönninni vegna ónógra brunavarna en uppsetning vatnsúðakerfis tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir. Leyfi fékkst til að opna húsið að nýju þegar búið var að tengja bráðabirgðadælu við kerfið en með mjög ströngum skilyrðum, samkomubanni og fjöldatak-mörkunum sem miðuðust við 50 manns á hverri hæð. Beita þurfti útsjónarsemi til að koma öllum hópum fyrir og kom æfingin frá því í kófinu þar að góðum notum. Skólinn bjó við þessa afarkosti fram í mars þegar sérsmiðuð dæla við vatnsúðaslökkvikerfið kom loks til landsins. Fljótlega eftir að dælan kom upp varð nemanda það á að rekast í einn sprinklerhausinn sem fór í gang og olli gríðarlegu flóði á örskotsstundu. Af því hlaust mikið tjón en endurnýja þurfti stóran hluta af nýsmíðuðum veggjum á svæðinu og nemendur á keramikbraut gátu ekki sótt skólann í 8 daga. Þetta var mikið áfall fyrir alla en öll

él styttr upp um síðir og þegar upp var staðið náðist að ljúka skólastarfinu með myndarlegri vorsýningu í nýja, fína húsinu.

Húsið er hluti af stærri húsasamstæðu sem ríkið vildi helst selja í einni sölu. Skólinn hafði einungis augastað á þriðjungi heildareignarinnar og fór í samstarf við félag sem hugðist kaupa hina tvo þriðjungana. Á síðustu stundu hætti samstarfsaðilinn við að kaupa hæðirnar fyrir ofan Gallerí Fold, rúmlega 1400 m² og ríkið krafðist þess að skólinn keypti það hús sömuleiðis. Þeirri óvæntu viðbót fylgdu auðvitað miklar áskoranir; taka þurfti hærra lán og svo kom í ljós að það hús var ekki í góðu ásigkomulagi. Það tókst loks að selja það og nú á Myndlistaskólinn eingöngu hús utan um eigin starfsemi. Eftir á að hyggja var þetta þó ekki með öllu vont því með í kaupunum fylgdi 12 stæða bílageymsluhús sem var fyllt upp í rjáfur af vörubrettum með eignum skólans sem smám saman voru færðar yfir í skólann eftir því sem aðstaðan varð til. Eftir söluna á hinu húsinu á skólinn þrjú stæði í bílahúsinu. Nú getur skólinn t.d. loks flutt inn eigin leir í magni og verða birgðirnar geymdar í þessum stæðum. Með leyfi fjármálaráðuneytis nýtti skólinn einnig hæðir 3 og 4 í húsinu nr 116 við Laugavegin sem stóð tóm. Það er merkilegt hvað allt þetta mikla dót er fyrirferðarlítið nú þegar það hefur komist á „sinn“ stað.

Skólinn naut góðvildar fleiri aðila en BSRB lánaði fundasalinn sinn undir bóklega kennslu fyrstu vikunnar eftir flutninginn, kvikmyndabraut LHÍ hósti síðara árið á listnámsbrautinni um tíma þegar takmarkanirnar voru of þungbærar og um haustið fékk skólinn inni í Ljósmynda-skólanum fyrir kennslu í myrkrarherbergi sem var með síðustu rýmum til að komast í rétta mynd.

FJÁRMÁL

Árið 2023 fór fram gagnger endurskoðun á fjármálum skólans sem leiddi til þess að taprekstri var snúið í hagnað á einu ári. Meðal annarra atriða sem miklu skiptir er reiknilíkan sem stjórnendur námskeiðaskóla styðjast nú

við en ekki er farið af stað með námskeið nema það skili framlegð til skólans. Framlegðin er mismikil eftir námskeiðum en með þessu móti er komið í veg fyrir að námskeiðaskólinn skili tapi.

JAFNLAUNAVOTTUN

Skólinn náði þeim áfanga á árinu að fá jafnlaunavottun Jafnréttisstofu sem gildir næstu þrjú árin. Til stóð að fá utanaðkomandi aðila til verksins en það kostar heilmikla vinnu að fá slíka vottun. Þegar Steingerður var ráðin til starfa kom í ljós að hún hafði bæði þekkingu og reynslu til að taka það að sér og leysti það með þrýði.

SAMSTARFS-, STEFNUMÓTUNAR- OG SKEMMTIFUNDIR

Sú hefð er að skapast að halda samstarfs- og stefnumótunarfundi í lok hverrar annar. Sá fyrri var haldinn í desember. Steingerður leiddi vinnuna. Niðurstaða fundarins var að nýta þyrfti sköpunarkraftinn og að samvinna væri lykilorð. Bæði innan húss og við nærumhverfið. Markaðsmálin þyrftu athygli og auka þyrfti upplýsingaflæði. Í framhaldi voru teknir upp vikulegir 20 mínútna töflufundir skrifstofu á mánudögum.

Til stóð að enda daginn með jólaboði skólafélagsins og var hugmyndin að hafa sama hátt á og árið áður þegar keyptur var tilbúinn matur sem boðsgestir greiddu að hluta. Þegar til kom gat ekki orðið af boðinu þar sem samkomubann vegna ónógra brunavarna var enn í gildi. Þess í stað skipulagði skemmtinefndin lítið boð fyrir fasta starfsfólkið þar sem m.a. var farið í pubkviss sem Halldór samdi.

Á starfsdegi 11. júní var fyrst farið í tiltekt en næg verkefni voru enn í boði fyrir viljugar hendur. Eftir hádegisdag settist hópurinn niður og velti fyrir sér ímynd skólans og grunn-gildum undir dyggri stjórn Steingerðar. Deginum lauk með því að hópurinn borðaði saman og skemmti sér fram eftir kvöldi.

Skemmtinefndin hélt einnig litla veislu fyrir starfsfólk og þá iðnaðarmenn sem hvað mest unnu fyrir skólann. Fyrir

VERKSTÆDISNÁMSKEIÐ		Kennari	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi nemenda 23.10.	Fjöldi nemenda 24.10.	Fjöldi nemenda 25.10.
HAUSTÖNN	INNSÝN Í TÖLVUFORRITID InDesign	Sigurður Ármannsson	25	9	8	8
	RENNSLA Á LEIRRENNIBEKK	Viktor Breki Óskarsson	30	9	12	9
	HANDMÓTUN Á LEIR/SKÚPTÚR	Þóra Breiðfjörð	30	10	11	9
	EINFÖLD GIFSMÓTAGERÐ	Adrianna Stanczak	31	9	10	12
	AÐ HEKLA	Gunnlaug Hannesdóttir	20	6	9	5
	GRUNNPÆTTIR MÁLVERKSINS	Ómar Þór Arason	31	10	9	12
	GRAFÍK	Leifur Ýmir Eyjólfsson	33	12	9	12
	RÍSÓPRENTUN	Bjarni Hinriksson	31	10	10	11
	AÐ SPINNA BAND Á ROKK	Thelma Stefánsdóttir	24	9	7	8
	SKISSAÐ OG SKOPAST	Halldór Baldursson	33	12	11	10
SAMTALS	10	10	288	96	96	96

utan að standa að veislum stóð nefndin fyrir hópferðum á sýningar Kristínar Gunnlaugs, Sólbjartar Veru, Silfrúnar og Ólafar Bóa. Í skemmtinefnd voru Anna, Katrín, Viktor og Silfrún.

SKÓLAHALD

Dagskólinn var formlega settur 21. ágúst og skólahald hófst strax sama dag samkvæmt stundaskrá. Til stóð að hefja námskeiðahald 11. september en vegna flutninga frestaðist námskeiðaskólinn og námskeið hófust almennt ekki fyrr en seint í október. Barnanámskeið haustsins kláruðust ekki fyrr en í lok janúar.

Verkstæðisdagar voru haldnir 23-25. október og í framhaldi af þeim var vetrarfrí til þriðjudags, 30. október. Haustönn í dagskóla lauk 15. desember og starfsfólk var í fríi 21. desember – 3. janúar. Nemendur komu aftur 4. janúar. Vetrarleyfi var dagana 17.-20. febrúar og opn- að var fyrir móttöku umsókna um nám skólaárið 25-26 þann 22. febrúar.

Vorsýningin var opnuð fimmtudaginn 9. maí og stóð í sex daga og skólaárinu lauk eins og venjulega með sumar- námskeiðum fyrir börn.

VIÐURKENNING SKÓLANS OG SAMNINGAR VIÐ RÍKI OG BORG

Skólinn fékk viðurkenningu ráðuneytisins endurnýjaða 10. júlí 2024 en hún tók mið af húsnæðinu við Hringbraut. Ráðuneytið afturkallaði hana ekki en hefur fylgst vel með framgangi í uppbyggingu á nýjum stað.

Ráðuneytið gerði nýjan þriggja ára samning við skólann í febrúar og gildir hann til 2027. Nýjung í þeim samningi er að framlag með öllum nemendum dagskólans er það sama, burtséð frá því hvert námið er. Myndlist fyrir nemendur sem lokið hafa starfsbraut er hluti af samningnum sem má túlka sem yfirlýsingu um að námið hafi nú öðlast ákveðinn stöðugleika.

Reykjavíkurborg hefur gert þriggja ára samninga við skólann undanfarið. Þó var samningur um 2024-5 eingöngu eins árs framlenging af þeim síðasta en fjárhagur borgarinnar var það slæmur að skóla- og frístundasvið treysti sér ekki til að uppfæra upphæðir samninganna. Samningurinn rann út 31. júlí 2025.

NETSÝNINGIN

Skólinn lét útbúa svæði á vefsíðunni fyrir myndir af loka- verkefnum nemenda þegar ekki mátti halda sýningu vegna heimsfaraldurs. Þá hafði það verið til umræðu lengi að setja upp slíkan vef. Þetta gekk vel til að byrja með en þegar hefðbundið sýningarhald var aftur leyft varð netsýningin útundan. Á árinu var ákveðið flikka upp á hana og Silfrún tók að sér að setja inn fyrri ár. Það kostaði nokkra rannsóknarvinnu og enn vantar mjög mikið af upplýsingum um vorið 2023. Mögulega verður aldrei

hægt að setja hana inn en aðrar sýningar eru að verða komnar inn á vef skólans.

INNRA MAT

Skólameistari hitti alla nemendahópa á haustönn og tók saman niðurstöður sem kynntar voru á starfsmannafundi. Helstu athugasemdir nemenda vörðuðu óþægindi af völdum flutninga og framkvæmda sem ekki er óeðlilegt þar sem sá þáttur var yfirþyrmandi stór í hversdagslífi nemenda. Við því var því miður fátta að gera annað en að hvetja þau til að reyna að komast í gegnum hlutina. Annað sem fram kom var tekið til skoðunar og lagað eftir bestu getu.

OPIÐ HÚS, VORSÝNING, ÚTSKRIFT

Til stóð að hafa opið hús með Samtökum sjálfstæðra listaskóla í febrúar en þar sem skólinn bjó enn við samkomubannið varð lítið úr því. Sama gildi um opið hús fyrir námskeiðaskólann. Því var ákveðið að nemendur á námskeiðum fengju að sýna verk sín á vorsýningunni á 2. hæðinni þar sem námskeiðin fara fram. Það var skemmtileg viðbót við hefðbundna vorsýningu en eilítið flókin þar sem flestum námskeiðum var lokið fyrir þann tíma og erfiðara að fá frá nemendum verk og enn erfiðara að koma þeim aftur til skila.

Útskriftarhátíð skólans var haldin 23. maí. Þá var búið að aflétta takmörkunum og það var sérstaklega ánægjulegt að nú var hægt að halda hana í húsnæði skólans sjálfs, í salnum uppi á 4. hæð.

BÓKASAFN

Vegna flutninga og framkvæmda var bókasafni skólans pakkað ofan í kassa í júlí og þannig stóð það á vörubrettum allt skólaárið.

Skólinn óskaði eftir því við Listaháskólann að nemendur fengju aðgang að safni skólans í þessum aðstæðum og var það auðsótt mál. Safn Listaháskólans er ekki svo langt undan en það er nú geymt í húsi hönnunardeilda við Stakkahlíð sem áður hýsti menntavísindasvið HÍ.

NÁMSRÁÐGGJÖF

Skólaárið 2024-2025 starfaði Anna Sigurðardóttir sem námsráðgjafi við skólann í 20% starfi. Áhersla er lögð á það í starfi námsráðgjafa að aðstoða nemendur svo þeir geti lokið námi. Námsráðgjafi gefur einnig leiðbeiningar um nám í öðrum skólum eða mögulega annað sem rætt er í viðtölum sem fara fram í trúnaði nema nemandi leyfi annað. Námsráðgjafi er með viðveru í skólanum á miðvikudögum á milli 9 og 12 en er til viðtals um aðra tíma ef það hentar nemendum. Áhersla er lögð á að heyra í öllum nemendum á stúdentsbrautum skólans en námsráðgjafi kynnir sig fyrir öðrum nemendum og segir frá þjónustunni.

AÐALFUNDUR 28. OKTÓBER, 2024 FUNDARGERÐ

Fundur er settur kl. 17.16

Benedikt Ólafsson er samþykktur sem fundarstjóri. Edda Kristín Sigurjónsdóttir samþykkt sem ritari fundarins. Lögmetur fundur. Allir fundargestir eru meðlimir í félaginu og hafa því atkvæðarétt komi til atkvæðagreiðslu.

1. Skýrsla skólastjóra og framkvæmdastjóra Myndlistaskólans í Reykjavík ses yfir liðið starfsár.

Áslaug Thorlacius. Hápunktur að vera komin í nýtt hús og með nýjan samning við Ríkið. Ólga í starfsmannamálum. Erfitt en gekk yfir. Skv. könnunum Gott og gilt hefur starfsánægja aukist. Húsnæðis kaupin tóku tíma og verða inni í næsta ársreikningi. Ætlun að bæta bókasafnið. Skýrsla skólastjóra er þegar birt á vef skólans, útprentuðum eintökum er dreift til fundargesta.

2. Fjármálastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík ses. gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.

Steingerður Hreinsdóttir. Kostnaðaraðhald í rekstri einkenndi árið. 52.5 m í hagnað. Mikill viðsnúningur eftir sársaukafullar breytingar á tímabili. Rekstrargjöld lækkuðu mikið, meðbyr í flutninginn. Ársreikningurinn er þegar birtur á heimasíðu skólans. Umræða um húsnæðið, leigjendur, kostnað og framtíðarstef. Spurningar um liðinn aðkeypt þjónusta, kostnað þar undir sem fer í kennslu, sundurliðað. Steingerður mun taka saman. Reikninginn þarf ekki að bera undir atkvæði fundarins skv. lögum félagsins.

3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga Félags Myndlistaskólans í Reykjavík samkvæmt 3. gr. félagslaga.

Félagsmenn eru 204. Áslaug ber upp nöfn nýrra félaga:

Hlíf Una Bárudóttir
Kristín Karólína Helgadóttir
Hlökk Prastardóttir
Rannveig Jónsdóttir
Ragnheiður Margeirsdóttir

Ómar Þór Arason
Margrét Katrín Guttormsdóttir
Rebekka Víðisdóttir
Thelma Stefánsdóttir
Sigrún Hlín Sigurðardóttir
Ýr Jóhannsdóttir
Kristján Thorlacius Finnsson
Viktor Breki Óskarsson
Adrianna Stancziak
Anna Wallenius
Christalena Hughmanick

Ofangreindir eru samþykktir sem félagsmenn. Val í aðalstjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík: Halla Kjartansdóttir, Halldór Baldursson, Steingerður Hreinsdóttir, Yean Fee Quay, Puríður Ósk Smáradóttir bjóða sig fram. Fleiri framboð berast ekki. Þau eru því sjálfkjörin. Í varastjórn gefa kost á sér Ína Salóme Hallgrímsdóttir og Ólöf Bóadóttir. Þær eru sjálfkjörnar. Kristinn G. Harðarson og Björg Elín Pálsdóttir bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga. Þau eru réttkjörin.

4. Kosning stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík ses. samkvæmt 7. gr. skipulagsskrár sjálfseignarstofnunarinnar.

Val í stjórn skólans: Þriggja manna aðalstjórn og tveir varamenn. Edda Kristín, Erlendur Hjaltason, Logi Bjarnason bjóða sig fram til aðalstjórnar skólans. Fleiri framboð berast ekki til aðalstjórnar. Þau eru því réttkjörin. Framboð til varastjórnar eru frá Bergþóru Guðnadóttur og Jóhanni L. Torfasyni. Fleiri framboð berast ekki og þau eru því réttkjörin.

5. Lagabreytingar.

Lagabreytingar í félaginu. Spurt um skoðunarmenn reikninga og hvort þeirra sé þörf. Engar lagabreytingar eru lagðar til.

6. Önnur mál.

Lagt er til að skipulagsskráin og lög félagsins verði skoðuð saman með það að sjónarmiði að erindi félagsins verði skert. Komandi stjórn muni beina sjónum að innra starfi. Áslaugu er hrósað fyrir vel unnið starf í tengslum við flutninginn.

ERASMUS+

Á skólaárinu 2024-2025 leiddi skólinn alls fjögur Erasmus+ verkefni, tvö undir liðinum Náms- og þjálfun í starfsmenntun fyrir nemendur og starfsfólk og tvö undir liðinum Náms- og þjálfun á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Nemendur á seinna ári listnámsbrautar fóru á haustönn í hópferð til Þýskalands og heimsótti söfn og listastofnanir. Fjórir kennarar fóru til Tallin, tveir á bókamessu en aðrir tveir á bókagerðanámskeið. Einn kennari sótti textílnámskeið í Belgíu. Tveir starfsmenn sóttu námskeið í gegnum Europass Teacher Academy og fóru annar til Dublin, hinn til Búdapest. Samstarfið við Frjálsa málarskólann í Helsinkí kláraðist með sýningu í báðum þátttökulöndum (?).

Hópurinn sem útskrifast hafði úr eins árs myndlistarnámi vorið 2024 fór til Stokkhólms og skoðaði þar ýmsar listastofnanir. Hópurinn sem var við nám skólaárið 2024-25 fór í námsferð til Parísar vorið 2025. Fyrir báðar þessar ferðir myndlistarbrautar fékk skólinn inngildingarstyrk til þess að styðja við nemendur og þeirra þarfir. Hópur kennara fór ásamt tveimur kennurum frá FB til Þýskalands og heimsótti Bauhaus. Fjórir nemendur fóru í langt starfsnám, einn til Frakklands, einn til Þýskalands og einn til Danmerkur. Tveir af þeim fengu inngildingarstyrk þar sem um var að ræða flutning ásamt barni. Tveir nemendur fóru í styttra starfsnám, annar til Póllands og hinn til Grikklands.

ERASMUS VERKEFNISSTJÓRI: SILFRÚN UNA GUÐLAUGSDÓTTIR

STARFSMENNTUNARVERKEFNI: KENRARAR / STARFSFÓLK					
Dvalartegund	Tímabil		Fjöldi	Lengd (dagar)	Staður
Starfsþing	Haust	2.9.2024-10.09-2024	1	9	Írland
Námskeið	Vor	19.5.2025-24.05-2025	1	5	Ungverjaland
	Vor	28.04-2025-02.05-2025	2	5	Eistland
	Vor	19.05-2025-24.05-2025	1	5	Belgía
	Vor	17.06-2025-26.06-2025	1	10	Ítalía
	Vor	09.06-2025-13.06-2025	1	5	Ítalía
	Vor	7.7.2025-12.07-2025	1	5	Írland
Starfsþing	Vor	20.05-2025-26.05-2025	4	7	Þýskaland
	Vor	14.04-2025-18.04-2025	1	5	England
	Vor	20.7.2025-02.08-2025	1	14	Svíþjóð
	Vor	10.5.2025-12.05-2025	2	3	Eistland
SAMTALS 2024-2025			16	73	

STARFSMENNTUNARVERKEFNI: NEMENDUR					
Dvalartegund	Tímabil		Fjöldi nemenda	Lengd (dagar)	Staður
Starfsnám-Stytttri dvöl	Haust	02-09-2024-15-09-2024	1	14	Frakkland
Starfsnám-Lengri dvöl	Haust	02-07-2024-01-11-2024	1	123	Frakkland
Starfsnám-Lengri dvöl	Haust	01-09-2024-31-05-2025	1	273	Þýskaland
Starfsnám-Lengri dvöl	Vor	01-03-2025-31-05-2025	1	92	Danmörk
Starfsnám-Lengri dvöl	Vor	03-02-2025-24-05-2025	1	111	Pólland
Starfsnám-Stytttri dvöl	Vor	01-07-2025-01-08-2025	1	32	Pólland
SAMTALS 2024-2025			6	645	

SKÓLAVERKEFNI FRAMKVÆMD

Dvalartegund	Tímabil		Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara / fylgdarliði	Lengd (dagar)	Staður
Hópfærð nemenda plús kennari	Haust	11-08-2024-15-08-2024	5	7	5	Svíþjóð
Hópfærð nemenda plús kennari	Haust	07-10-2024-10-10-2024	10	1	4	Þýskaland
Hópfærð nemenda plús kennari	Vor	23-03-2025-29-03-2025	3	6	7	Frakkland
SAMTALS 2024-2025			18	14	16	



BARNADEILD 2024-2025

LEIK- OG GRUNNSKÓLASAMSTARF

Skólaárið 2024-25 var sjöunda skólaárið sem leik- og grunnskólaverkefnið var í gangi. Verkefnið á sér þó mun lengri sögu, eða frá síðustu öld þegar einstöku leikskólar fóru að sækja um að komast í listbúðir í Myndlistaskólanum með sína nemendur. Árið 2018 var gerður sérstakur þriggja ára samningur um þetta verkefni og þá var stjórnendum leik- og grunnskóla borgarinnar í fyrsta sinn boðið að sækja um að koma með hópa í þessi verkefni, skólunum að kostnaðarlausu. Við samninginn óx verkefnið mjög mikið en til að byrja með voru nemendahópar úr leik- og grunnskólum borgarinnar í skólanum meira og minna alla daga skólaársins sem skapaði ákveðna festu í verkefnið og jók stofunýtingu námskeiðaskólans til muna. Samningurinn var endurnýjaður árið 2021, aftur til þriggja ára. Fyrir síðasta skólaár var hann

framlengdur um eitt ár en nú hefur þessu verkefni verið hætt, í það minnsta tímabundið. Ákvörðun um það var tekin einhliða af skóla- og frístundasviði og var skýringin niðurskurðarkrafa frá borgarstjórn. Vonandi nær Reykjavíkurborg vopnum sínum og getur þá á nýjan leik boðið sínum skólabörnum upp á listbúðir í Myndlistaskólanum.


Vegna framkvæmda í nýju húsnæði gat skólinn ekki tekið við barnahópum fyrr en í október og megin þunginn af verkefninu var unninn á vorönn. Það kom ekki að sök þar sem á þessu síðasta ár voru nemendahóparnir talsvert færri en upphaflega. Fjárframlög voru öll sjö árin þau sömu og verkefnið hafði af þeim sökum minnkað hægt og bítandi.

LEIK- OG GRUNNSKÓLASAMSTARF 2024-2025						
VERKEFNASTJÓRI: SÓLBJÖRT VERA ÓMARSDÓTTIR						
LEIKSKÓLASAMSTARF						
Önn	Leikskóli		Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi
HAUST 2024	Brákaborg		2	2	30	36
	Gullborg		2	2	32	36
Í heild sinni		2	4	4	62	72
VOR 2025	Múlaborg		2	2	28	36
	Klambrar		1	1	12	18
	Drafnarsteinn		1	2	33	36
	Vesturborg		1	1	18	18
Í heild sinni		4	5	6	91	108
LEIKSKÓLAR SAMTALS		6	9	10	153	180

GRUNNSKÓLASAMSTARF YNGRA OG MIÐSTIG						
Önn	Skóli		Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi
HAUST 2024	Borgaskóli	3.bekkur	3	3	27	34
	Hamraskóli	4.bekkur	3	3	36	34
	Breiðholtsskóli	5.bekkur	2	2	30	45
Í heild sinni		3	8	8	93	113
VOR 2025	Álftamýrarskóli	1.bekkur	3	3	40	68
	Engjaskóli	4.bekkur	3	3	27	34
	Austurbæjarskóli	5.bekkur	2	2	30	45
	Hólabrekkuskóli	6.bekkur	3	2	60	68
	Melaskóli	6.bekkur	3	3	75	34
Í heild sinni		5	14	13	232	248
YNGRI/MIÐSTIG SAMTALS		8	22	21	325	360

GRUNNSKÓLASAMSTARF UNGLINGASTIG

Önn	Skóli		Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundafjöldi
HAUST 2024	Álftamýrarskóli	9.bekkur	2	2	44	36
í heild sinni		1	2	2	44	36
VOR 2025	Laugalækjaskóli	8.bekkur	2	4	81	72
í heild sinni		1	2	4	81	72
UNGLINGASTIG SAMTALS		2	4	6	125	108




BARNADEILD 2024-2025

Skólaárið hófst með þeim góðu fréttum að skólinn flytti í nýtt húsnæði þá í september og undribúningurinn hófst. Barnanámsskeiðin hófust því með seinna falli það haustið og með þrautseigju og þolinmæði allra varð til nýtt og fallegt heimili fyrir þessa frábæru deild. Með hverri viku og mánuði komst betri mynd og skipulag á 2. hæð skólans, þar sem námskeiðin fara fram, sem endaði svo með opnu húsi í maí þar sem börnin sýndu afrakstur vönnarinnar með kennurunum sínum sem eiga öll hrós skilið fyrir þetta óhefðbundna en góða skólaár.

Ekki náðist skráning á námskeið barnadeildar í Miðbergi á haustönn en á vorönn hófst námskeiðahald að vanda í janúar. Í febrúar kom í ljós að húsnæðið var illa myglað. Nemendur voru fluttir í hópa á Rauðarárstíg eftir því sem því varð við komið. Í framhaldi var tekin ákvörðun um að hætta öllum útibúsrekstri enda samgöngur við nýja skólahúsið mun betri en það gamla.

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ 2024-2025						
DEILDARSTJÓRI: ÞURÍÐUR ÓSK SMÁRADÓTTIR						
	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundir
Hringbraut 121 SUMAR ágúst 2024 Í heild sinni	6-9 ára	Myndlist ofl.	Guðrún Benónýsdóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir.	3	29	68
	10-12 ára	Myndlist ofl.	Ragnheiður Gestsdóttir, Tara Njála Ingvarsdóttir.	2	25	45
	10-12 ára	Myndasögur og Manga	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon.	1	13	23
	13-16 ára	Myndasögur og Manga	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon.	1	10	23
	13-16 ára	Myndlist ofl.	Ragnheiður Gestsdóttir	1	8	23
		5	9	8	83	180
	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslustundir
HAUSTÖNN 2024 Í heild sinni	4-5 ára	Myndlist	Rannveig Jónsdóttir	1	6	28
	6-9 ára	Myndlist	Guðrún Benónýsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Hlökk Þrastardóttir, Kristín Karólína Helgadóttir, Tara Njála Ingvarsd.	7	53	196
	6-9 ára	Leirmótun	Tara Njála Ingvarsdóttir.	1	8	28
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni.	Selma Hreggviðsdóttir	1	7	36
	10-12 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	6	27
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson, Guðbrandur Magnússon	1	6	36
	10-12 ára	Myndasögur	Dagur Pétursson, Guðbrandur Magnússon	1	10	36
	10-12 ára	Leirmótun og rennsla	Þóra Breiðfjörð og Ragnheiður I. Margeirsdóttir	2	19	72
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon	1	11	41
	13-16 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	3	27
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	Ragnheiður I. Margeirsdóttir	1	12	41
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	15	41
		12	20	19	156	609



	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu- stundir
VORÖNN 2025	4-5 ára	Myndlist	Rannveig Jónsdóttir	2	12	56
	6-9 ára	Myndlist	Guðrún Benónýsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Hlökk Þrastardóttir, Kristín Karólína Helgadóttir, Tara Njála Ingvarsdóttir.	6	38	168
	6-9 ára	Leirmótun	Tara Njála Ingvarsdóttir.	1	8	28
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	12	36
	10-12 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	6	27
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson, Guðbrandur Magnússon	1	14	36
	10-12 ára	Myndasögur	Dagur Pétursson, Guðbrandur Magnússon	1	12	36
	1012 ára	Leirmótun og rennsla	Þóra Breiðfjörð og Ragnheiður I. Margeirsdóttir	1	10	36
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon	1	11	41
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	Ragnheiður I. Margeirsdóttir	1	14	41
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	12	41
	Í heild sinni	11	19	17	149	546

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu- stundir
SUMAR júni 2025	6-9 ára	Myndlist	Vala Sigprúðardóttir, Steinunn Marta Önnudóttir.	5	24	113
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon	3	39	68
	10-12 ára	Myndlist	Guðrún Vera Hjartardóttir, Sóley Lusía Jónsdóttir.	2	22	45
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson og Guðbrandur Magnússon	1	17	23
Í heild sinni		4	8	11	78	248
Vorönn samtals		16	27	25	239	868

BARNA- OG UNGIINGA- NÁMSKEIÐ		Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu- stundir
Samtals 2024-2025		32	56	55	466	1583



NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI

Skólaárið 2024-25 var viðburðaríkt í deild almennra námskeiða. Skólinn flutti á ný í húsnæðið við Rauðarárstíg 10, þar sem hann hafði áður haft aðsetur. Flutningarnir vöktu bæði eftirvæntingu og spennu en leiddu jafnframt til ýmissa áskoranna sem unnið var markvisst að því að mæta. Undanfarið hefur deildin unnið að því að byggja upp starfsemina á nýjum stað.

Við þökkum kennurum kærlega fyrir vel unnin störf; sumir hafa kennt um árabíl en aðrir eru að taka sín fyrstu skref í kennslu. Markmiðið er að varðveita og rækta þá

þekkingu sem býr hjá reyndum kennurum og á sama tíma að skapa rými fyrir nýjungar sem í mörgum tilvikum styrkja það sem fyrir er. Þetta krefst ígrundaðrar leiðsagnar, áheyrnar og virkrar hlustunar af hálfu deildarstjóra.

Á skólaárinu héldum við áfram þróun örnámskeiða, sem eru ákveðin nýjung í skólanum. Hugmyndin er að móta námskeiðin út frá listiðkun kennaranna svo þeir geti miðlað eigin aðferðum í listsköpun til nemenda. Það er enda eitt helsta einkenni Myndlistaskólans að kennarar hans eru starfandi myndlistarmenn.

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI								
DEILDARSTJÓRI: ÓLÖF BÓADÓTTIR, SKÝRSLA GERÐ AF KATRÍNU HELGU ANDRÉSDÓTTUR								
		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
Sumar ágúst 2024	5TXTL2NL01	Náttúruleg litun á textíl	Sigmundur Páll Freysteinnsson	1	9	9	9	21
	N-FT	Flúr og tildur	Karolina Nowak	1	12	0	0	12
Í heild sinni		2	2	2	21	9	9	33

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
HAUSTÖNN 2024	FORM2AH02	Arkitektúr og hönnun	Bjarki Gunnar Halldórsson og Karítas Möller	1	12	24	24	26
	KERA2LF01	Leirrennsla: Framhald	Þuríður Ósk Smáradóttir	1	9	9	9	26
	KERA2LR01	Leirrennsla	Adrianna Stanczak, Viktor Breki Óskarsson	3	33	33	33	78
	KERA2LS01	Leirmótun og skúlptúr	Anna Wallenius	1	11	11	11	26
	MÁLV1GÞ01	Grunnþættir málunar	Kristinn Guðbrandur Harðarson	1	12	12	9	29
	MÁLV2VL01	Vatnslitun	Anna Rún Tryggvadóttir, Rakel McMahon	1	12	12	12	26
	MÁLV2VT01	Vatnslitun: Tilraunir	Rakel McMahon	1	6	6	6	20
	MÓDE2MÓ01	Módelteikning	Halldór Baldursson	1	12	12	12	20
	N2JLM00	Jurtalitun: Munsturgerð á textíl	Christalena Hughmanick	1	9	0	0	13
	TEIK2KL01	Teikning: Kyrralíf	Halldór Baldursson	1	9	9	9	36
	VIST1MÁL00	Málaralist: Vinnustofa	Valgarður Gunnarsson	1	12	0	0	26
	VIST0ML00	Myndlist: Vinnustofa	Berglind Erna Tryggvadóttir	1	9	0	0	26
Í heild sinni		12	15	14	146	128	125	352

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
Sumar (ágúst) og haustönn 2024 samtals	14	17	16	167	137	134	385

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Preyttar einingar	Loknar einingar	Kennslu- stundir
VORÖNN 2025	FORM2AH02	Arkitektúr og hönnun	Bjarki Gunnar Halldórsson og Karitas Möller	1	17	34	30	39
	HUGM2GH02	Gróðurhús hugmyndanna	Helga Páley Friðþjófsdóttir	1	6	12	12	39
	KERA2LF02	Leirennsla: Framhald	Þuríður Ósk Smáradóttir	1	11	22	22	39
	KERA2LR01	Leirrennsla	Adrianna Stanczak, Sunna Björg Sigfríðardóttir, Viktor Breki Óskarsson	3	32	32	32	78
	KERA2LR02	Leirrennsla	Viktor Breki Óskarsson	1	11	22	22	39
	KERA2LS02	Leirmótun og skúlptúr	Anna Wallenius	1	12	24	24	39
	MÁLV2GÞ02	Grunnþættir málunar	Kristinn G. Harðarson	1	12	24	14	39
	MÁLV2VT01	Vatnslitun: Tilraunir	Anna Rún Tryggvadóttir	1	9	9	9	20
	MÓDE2MÓ01	Módelteikning	Halldór Baldursson	2	23	23	22	39
	NÚMO	Útrás fyrir handóða: Mónóþrykk	Leifur Ýmir Eyjólfsson	1	8	0	0	7
	NÚRP	Útrás fyrir handóða: Risoprent	Samuel Thornton Rees	1	8	0	0	7
	TEIK1GÞ02	Grunnþættir teikningar	Eygló Harðardóttir	1	7	14	14	39
	TEIK2KL01	Teikning: Kyrralíf	Halldór Baldursson	1	9	9	9	20
	TEIK2KT01	Teikning: Kynstur	Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson	1	6	12	12	20
	VIST0ML00	Myndlist: Vinnustofa	Berglind Erna Tryggvadóttir	1	10	0	0	39
	VIST2MÁL02	Málaralist: Vinnustofa	Valgarður Gunnarsson / Kristinn G. Harðarson	1	9	18	18	39
Í heild sinni		16	20	19	190	255	240	542

		Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Preyttar einingar	Loknar einingar	Kennslu- stundir
Sumar maí-júní 2025	KERA2LR01	Leirrennsla	Viktor Breki Óskarsson	1	11	11	11	26
	N-MÓDEA	Módelteikning: Aflagalína	Kristín Gunnlaugsdóttir	1	11	0	0	26
	NÚRP	Útrás fyrir handóða: Risoprent	Jasa Baka	1	11	0	0	7
	NÖMVEF	Örnámskeið í myndvefnaði	Thelma Kristín Stefánsdóttir	1	8	0	0	7
	VEFN2GV2	Grunnnámskeið í vefnaði	Thelma Kristín Stefánsdóttir	1	6	12	12	35
Í heild sinni		5	5	5	47	23	23	102

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Preyttar einingar	Loknar einingar	Kennslu- stundir
Vorönn og sumar maí-júní) 2025 samtals	21	25	24	237	278	263	644

NÁMSKEIÐ FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Preyttar einingar	Loknar einingar	Kennslu- stundir
Samtals 2024-2025	35	42	40	404	415	397	1029

EINS ÁRS NÁM Í MYNDLIST 2024-2025

EINS ÁRS NÁM Í MYNDLIST FYRIR NEMENDUR SEM LOKIÐ HAFA STARFSBRAUT						
VFIRKENNARI: BERGLIND ERNA TRYGGVADÓTTIR						
	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nemenda	Þeyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
HAUSTÖNN 2024	FORM1TF02. Formfræði: Tvívíð formfræði	Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir	3	6	6	48
	HUGM1SM01. Hugmyndavinna 1	Berglind Erna Tryggvadóttir	3	3	3	28
	LITA1MÁ02. Litafræði: Málverk og litafræði	Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir	3	6	6	40
	MARG1LM02. Margmiðlun: Ljósmyndun	María Björt Ármannsdóttir	3	6	4	52
	MÓDE1ML02. Módelteikning: Mannlíkaminn	Jóhanna Ásgeirsdóttir	3	6	6	44
	TEIK1FJ03. Teikning: Fjarvídd, mælingar, ljós og skuggi	Kristinn Guðbrandur Harðarson	3	9	9	56
	VRKS1PP03. Verkstæði	Samuel Thornton Rees	3	9	9	40
Í heild sinni	7	7	3	45	43	308
VORÖNN 2025	FORM1PF02. Formfræði: Þrívíð formfræði	Styrmir Örn Guðmundsson	4	8	8	60
	HUGM1UB01. Hugmyndavinna 2	Berglind Erna Tryggvadóttir, Jóhanna Ásgeirsdóttir	4	4	4	20
	MAPP1FM01. Möppugerð: Ferilmappa	Jóhanna Ásgeirsdóttir	3	3	3	20
	MARG1HM03. Margmiðlun: Hljóð og mynd	Logi Hilmarsson	4	12	12	80
	TEIK1MF03. Teikning: Frásögn í teikningu	Margrét H. Blöndal	4	12	12	40
	VRKS1LV05. Verkstæði: Lokaverk	Berglind Erna Tryggvadóttir, Kristinn Guðbrandur Harðarson, Jóhanna Ásgeirsdóttir	4	20	20	84
Í heild sinni	6	9	4	59	59	304

EINS ÁRS NÁM Í MYNDLIST FYRIR NEMENDUR SEM LOKIÐ HAFA STARFSBRAUT	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi nemenda	Þeyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
SAMTALS 2024-2025	13	16	4	104	102	612

Nemendur í eins árs námi í myndlist heimsóttu 59Rivoli listagallerí í París vorið 2025.



Starfsmaður kvikmyndasafnsins La Cinematheque Française tók á móti hópi nemenda í eins árs námi í myndlist.



HEIMSÓKNIR OG SAFNAFERÐIR

	Áfangastaður	Áfangi	Önn	
Viðnám – föst sýning	Listasafn Íslands – Safnahúsið	HUGM1SM01. Hugmyndavinna 1	Haust 2024	
Hamskipti – sýning á verkum Gerðar Helgadóttur	Gerðarsafn			
Átthagamáilverkið – skoða mismunandi aðferðir til þess að vinna með sama viðfang	Kjarvalsstaðir			
Hendi næst – skoða samsýningu, hvernig ólíkir listamenn vinna og hvernig listaverk tala saman	Ásmundasafn			
Innsýn Útsýn – sýning á safneign Listasafns Íslands	Listasafn Íslands			
Endrum og sinnum – leiðsögn um sýningu Hreins Friðfinnssonar	Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús	FORM1ÞF02. Formfræði: Þrívíð formfræði	Vor 2025	
Endrum og sinnum – leiðsögn um sýningu Hreins Friðfinnssonar með vinum Hreins	Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús			
La Cinematheque Française. Kvikmyndasafn með sýningum á sérkennilegum og sjaldgæfum kvikmyndum.	París, Frakklandi			HUGM1UB01. Hugmyndavinna 2
Maison Européenne de la Photographie (La MEP). Miðstöð fyrir samtíma ljósmyndalist.				
Musée Quai Branly. Safn með yfir 300.000 listahlutum frá Afríku, Asíu, Ameríku og Eyjaálfu.				
International Visual Theatre (IVT). Menningarstaður tileinkaður menningu heyrnarlaustra.				
59Rivoli. Listagallerí og vettvangur þekktur fyrir sýningar og flutning samtímalistar.				

NÁMSFERÐIR

Áfangastaður	Áfangi	Önn
París, Frakklandi. Námsferð styrkt af Erasmus.	HUGM1UB01. Hugmyndavinna 2	Vor 2025

Nemendur skoðuðu sýninguna í La MEP í París.



FULLT NÁM Í DAGSKÓLA

KERAMIKBRAUT 2024-2025

Starfsárið haust 2024 til vors 2025 var ár mikilla breytinga. Skólinn flutti í nýtt húsnæði á mettíma. Nýja húsnæðið á Rauðarárstíg var ekki tilbúið þegar þurfti að yfirgefa Hringbraut en ekki var hægt að fresta kennslu svo hún fór fram jafnhliða uppsetningu nýja skólans með tilheyrandi truflunum og hávaða. Það var áskorun að halda úti kennslu og reyndi á aðlögunarhæfni og útsjónarsemi starfsfólks skólans og nemenda.

Haustönnin 2024 var tileinkuð handmótun, frumstæðum brennslum ásamt söfnun og tilraunum á íslenskum leir. Það var farið skemmtilega ferð á Nýp á Skarðsströnd þar sem brennt var í Rakú ofnum og holubrennt í tunnum.

Einnig var grafinn upp leir til að taka með til baka og gera tilraunir með.

Vorið 2025 var glerungaönn þar sem nemendur gerðu tilraunir með ýmis efni til að þróa sinn eigin glerung. Einnig voru gerðar glerungatilaunir með íslenska leirinn sem grafinn var upp á haustönn. Margir fallegir og spennandi glerungar urðu til sem nemendur munu svo halda áfram að þróa áfram á eigin spýtur. Enda markmið annarinnar að kenna nemendum að verða sjálfstæðir í gerð glerunga. Á þessari önn var einnig farið í þrívíddarprentun á leir. Skólinn á tvo þrívíddarprentara sem smíðaðir voru af starfsfólki skólans fyrir nokkrum árum. Að læra að ljósmynda þrívíð verk ásamt því að gera ferilskrá var hluti af þessari önn.

YFIRKENNARI: KATRÍN VALGERÐUR KARLSDÓTTOT DYRVING						
	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
Handmótun	HUGM4KH03. Hugmyndavinna	Leifur Ýmir Eyjólfsson	6	18	18	32
	KERA4HM09. Keramik	Katrín Karlsdóttir, Viktor Breki Óskarsson, Þórdís Sigfúsdóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir	6	54	54	210
	LIST4NL02. Listasaga: Nútiminn	Ragnheiður Sigurðardóttir	7	14	12	20
	MÁLS4KH04. Málstofa	Katrín Karlsdóttir	6	24	24	21
	MÓDE4KM05. Módelteikning og -mótun	Guðrún Vera Hjartardóttir	6	30	30	73
HAUSTÖNN 2024	SAGA4KU03. Saga: Fagsaga keramíks, uppruni	Brynhildur Pálsdóttir, Erna Elínbjörg Láru Skúladóttir, Inga Sigríður Ragnarsdóttir, Katrín Karlsdóttir	6	18	18	38
Í heild sinni	VSTÆ4KH04. Verkstæði	Katrín Karlsdóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir	6	24	24	24
	7	14	6	182	180	418
Yfirborð, glerungur, brennsla	EFNA4KE04. Glerungaefnafræði	Katrín Karlsdóttir	8	32	32	64
	HUGM4KY05. Hugmyndavinna	Hanna Dís Whitehead	8	24	24	34
	KERA4GB07. Keramik	Katrín Karlsdóttir, Katla Rúnarsdóttir	8	56	56	167
	MÁLS4KY04. Málstofa	Katrín Karlsdóttir	8	32	32	22
	MAPP4SF04. Möppugerð: Starfsþróun, myndvinnsla og ferilmappa	Katrín Karlsdóttir, Vigfús Birgisson	8	32	32	72
VORÖNN 2025	TEIK4TP04. Stafræn teikning og prentun	Katrín Karlsdóttir, María Sjöfn Dupuis Laufeyjardóttir, Inga Höskuldsdóttir	8	32	32	66
	VSTÆ4KY04. Verkstæði	Katrín Karlsdóttir, Katla Rúnarsdóttir	8	32	32	10
Í heild sinni	7	10	8	240	240	530

KERAMIKBRAUT	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Kennslustundir
SAMTALS 2024-2025	14	24	7	422	420	948

FYRIRLESARAR OG GESTAKENNARAR	Áfangi	Önn
Þórdís Sigfúsdóttir, leirlist- og hönnuður <i>Frumstæðar brennslur</i>	MÁLS4KH04: Málstofa	Haust 2024
Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur <i>Jarðfræði leirs</i>		
Bjarnheiður Jóhannsdóttir, leirlistamaður <i>Íslenskur leir og glerungar úr íslenskum leir</i>		
Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarmaður <i>Eigin myndlistarekstur</i>		
Margrét Katrín Guttormsdóttir, textillist og vöruhönnuður <i>Námskeið á netinu</i>		
Andri Snær Magnason, rithöfundur <i>Skapandi umhverfi</i>		
Sindri Freyr Sparkle, fjölgreinistamaður <i>Hinsegin samfélag og fánar</i>	MÁLS4KY04: Málstofa	Vor 2025
María Sjöfn Dupuis Laufeyjardóttir, myndlistarmaður <i>Eigin myndlistarekstur</i>		
Inga Höskuldsdóttir, keramik, húsgagnsmíði og förðunarfræðingur <i>Eigin myndlistarekstur</i>		
Katla Rúnarsdóttir, myndlistarmaður <i>Eigin myndlistarekstur</i>		
Antonía Berg, keramiklistamaður <i>Eigin rannsóknir á íslenskum og grænenskum leir</i>		
Anna Wallenius, keramiklistamaður <i>Eigin myndlistarekstur</i>		
Sigmundur Páll Freysteinnsson, textillist og hönnuður <i>List heimspeki Japans versus vestræns</i>	MÁLS4KY04: Málstofa	Vor 2025
Hlynur Helgason, myndlistarmaður og listfræðingur <i>Gerfigreind og höfundarréttur</i>		

HEIMSÓKNIR OG SAFNAFERÐIR			
	Áfangastaður	Áfangi	Önn
Vinnustofuheimsókn til Þórdísar Sigfúsdóttur í Kópavogi	Vinnustofa Þórdísar Sigfúsdóttur	MÁLS4KH04: Málstofa	Haust 2024
Hendi næst: Ásmundur Sveinsson og samtímalistamenn sem skapa myndverk með eigin höndum og nýta rótgrónar handverkshefðir við listsköpun sína.	Ásmundarsafn		
Hallgrímur Helgason: Usli	Kjarvalsstaðir	MÁLS4KY04: Málstofa	Vor 2025
Erró: 1001 nótt	Hafnarhús		

NÁMSFERÐIR		
Áfangastaður	Áfangi	Önn
Nýp á Skarðsströnd	KERA4HM09: Handmótun	Haust 2024
Ytri Fagrigdalur, Skarðsströnd		
Laxá, Dalasýsla		



Glerungatilraunir

LISTMÁLARABRAUT 2024-2025

28. október fóru nemendur listmálarabarutar til Helsinki í viku í boði Frjálsa listaskólans (Vapaa Taidekoulu) vegna Erasmus samvinnuverkefnis á milli skólanna. Anna Rún Tryggvadóttir fór með nemendum í ferðina. Þau heim-sóttu frjálsa listaskólann, helstu listasófn og gallerí í borg-inni og var boðið á opnun sýningar í sendiráði Íslands.

YFIRKENNARI: JÓN B. K. RANSU						
